

**Sþ.**

## **784. Tillaga til þingsályktunar**

um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að hlutast til um það með samningum við þau félög, er halda uppi póst- og vöruflutningum hér við land með skipum með sæmiliðu farþegarúmi eða á annan hátt, að til Vestmannaeyja og frá þeim til Reykjavíkur falli að minnsta kosti ein ferð í viku hverri allan ársins hring.

### **Greinargerð.**

Síðan í árslok 1939 hafa Vestmannaeyjar haft mjög stopular samgöngur við höfuðstaðinn og sérstaklega ófullnægjandi fyrir fólk. Hins vegar er brýn þörf á góðum samgöngum á þessari leið, og fer hún vaxandi með hverju ári af skiljanlegum ástæðum. Þótt nú sé ófriðnum lokið, er engin breyting á þessu orðin. Nú er farið fram á það með þessari tillögu, að ríkisstjórnin stuðli að því á þann hátt, er að beztu gagni má verða, að leysa þau vandræði Vestmannaeyja, sem af þessu samgönguleysi hljótast.

Nánar í framsögu.